

Kynjafræðsla í skólum. Námsefni

Bandaríki Norður-Ameríku eru forustusauðir samfélagsþróunar á Vesturlöndum. Það á einnig við um skóla og menntun. Í námsgreininni, kynjafræði, er kennt, að kyn séu í raun ekki til, hugarfóstur. Því skuli hver og einn skilgreina og endurskilgreina eigin kynskilning.

Foreldrar eru greinilega ekki einhuga um ágæti þessarar fræðslu. Hér er frétt um efnið. Móðir gerir uppreisn á fundi skólanefndar og les m.a. úr því lesefni, sem skólabörnum er ætlaður. Nefndin reyndi að þagga niður í henni. Samkvæmt fréttinni tísti einn nefndarmanna, Karl Frisch, svohljóðandi:

„Svo það sé alveg á hreinu; ekkert mun trufla trúfestu skólanefndar gagnvart lesbíum, hommum, tvíkynungum, kynskiptingum, hvorugkynungum (hinsegin), millikynungum og kynleysum [LGBTQIA – lesbian, gay, bisexual, transgender, queer, intersex, asexual], svo og nemendum, fjölskyldum og starfslíði. Ekkert!“

Bækurnar fjalla um kynlíf fullorðinna karla og drengja, alls konar kynferði eða kynleysur, allra handa kynlíf að öðru leyti, t.d.: um kyn- og kynþáttarörvæntingu drengs, sem enn hefur ekki uppgötvað, að hann sé samkynhneigður; um hugarvél stúlku, þegar rennur upp fyrir henni, að hún sé tveggja-anda persóna í kjölfar umræðu við vinkonurnar, sem upplýsa hana um, að hin fornu „kynrit“ útiloki „hið góða líf;“ um uppgötvun þeldökkrar telpu á kynferði sínu, kúgun kvenna og blakkskinna; um valdeflingu unglingsstúlku í anda töfraraunhyggju, en með hana að vopni brýtur mærin til mergjar sameiginlega þætti kynþáttafordóma, kynárása og kynslóðaáfalla, og svellur móður að greiningu lokinni; um blökkustúlku, sem yfirgefur vinnuhóp hvíttra stúlkna, leitar á náðir litsystra sinna og kemst þá að því, hvernig mismunun svertingja, örygi eða örarársir (microaggression) og meðvirkni sjálfrar hennar, móta tengslin heima við og í skólanum.

Þessum kennslubókum er mælt með af deild í „Samtökum norður-amerískra bókasafna“ (American Library Association), sem nefnd er „Bókasafnsþjónusta fyrir yngri fullorðna,“ (Young Adult Library Services – YALSA). Samkvæmt sama miðli hefur þessi þjónustudeild talsverð áhrif á, hvers konar bækur skólabókasöfnin kaupa inn. Þar sé lögð áhersla á, að mæla með róttækum bókum (far-left political influence), sem áhrif hafa á móttækilega, unga huga.

Það er ekki síður athyglivert, að þjónustudeildin mælir með bókum, sem innihalda kynferðislegar og hugmyndafræðilegar öfgar – nú einnig myndablöð um efnið. Eitt slíkra rita, sem um ræðir fyrir aldurshópinn 12 til 18 ára, er „Hinseginkynið (hvorugkynið). Minningar“ (Gender Queer: A Memoir), eftir Maia Kobabe (f. 1991). Kynskilningur „þess“ er á þá leið, að „það“ sé hinsegin, kynlaus og margskauta (nonbinary).

Íbúar í landi hinna frjálsu bregða upp framtíðarspeglí Íslendinga. „Spegill, spegill, herm þú mér....“

https://www.dailywire.com/news/watch-mom-reads-graphic-gay-porn-found-in-school-library-to-school-board?utm_source=facebook&utm_medium=social&utm_campaign=benshapiro&fbclid=IwAR2uFF1RFb0wWgFxVEQ_8KFek7fmZAY9cVCF7S4BugsQd3qn0c4iR8nUnsc